



Punktur fyrir foreldra/forráðamenn

Veturinn 2020-2021

- Lengd viðvera er fyrir börn í 1. - 4. bekk. Opnunartími er frá 13:00 til 16:00 alla virka daga skólaársins. Starfsemi Skóladagheimilisins fylgir starfsemi Blönduskóla þannig að ekki er opið á frídögum skóla s.s. í jóla- og páskafríum. Að jafnaði er opið á skipulagsdögum á starfstíma skóla og er þá allur dagurinn í boði frá kl. 8 - 16:00 en getur þó verið lokað í undantekningartilfellum.
- **Allir** nemendur í 1. - 4. bekk geta nýtt sér viðbótaropnun á skipulagsdögum og á foreldraviðtalsdegi, en nauðsynlegt er að láta umsjónarmann Skóladagheimilis vita með minnst tveggja daga fyrirvara.
- Greitt er fyrirfram fyrir ákveðinn tímafjöld á viku, óháð því hvort barnið mæti alla dagana eða ekki (t.d. ef um veikindi er að ræða eða önnur forföll). Hafi greiðsla ekki borist í tvo mánuði er litið svo á að vistinni sé sagt upp. Greitt er sérstaklega fyrir alla tíma sem barnið er í skólavistun umfram það sem fyrirfram er ákveðið.
- Munum að senda börnin með hlýjan og skjólgóðan fatnað þegar kólna fer í veðri. Gott er líka að hafa auka föt í töskunni ef eitthvað kemur upp á eða ef bleyta úti er mikil.
- Óski foreldrar/forráðamenn eftir breytingu á viðveru barns síns eða hafi hug á að segja upp vistinni verða þær breytingar aðeins gerðar um mánaðarmót **og þarf að láta vita eigi síðar en 20. dag hvers mánaðar.**
- Boðið er upp á hádegismat (sjá upplýsingar um skólamáltíðir á vef skólans) og er æskilegt að öll börnin nýti sér það. Síðdegishressing er kl.15:00 og greiðist það með vistunargjöldum.
- Ef foreldrar/forráðamenn þurfa að koma skilaboðum á framfæri sem varða Skóladagheimilið er nauðsynlegt að þau berist beint til umsjónarmanns Skóladagheimili í síma 455-4760 (452-4558 til að byrja með) eða Hulda í síma 618-0688. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið hulda@blonduskoli.is. **ATH! Ekki láta börnin bera skilaboð á milli.**
- Nauðsynlegt er að tilkynna ef börn fara fyrr heim eða ef einhver annar en foreldrar sækir barnið.